Skólanámskrá Víkurskóla 2026-2027

Fag: Ugla 8. bekkur (lykilhæfni, náttúrufræði, íslenska, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt)

Grunnþættir menntunar

Hér að neðan eru linkar í rit um grunnþætti menntunar

Fag við lok 10. bekkjar		
Námsþættir	**Hæfniviðmið nemandi getur:**	**Námsleiðir**
Lykillhæfni		Námsleiðirnar sem hér eru dregnar saman endurspegla fjölbreyttar aðferðir sem kennarar geta nýtt til að styðja við nám nemenda í uglum. Þessar námsleiðir eru tengdar fjórum faggreinum úr aðalnámskrá: íslensku, ensku, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt, auk lykilhæfni. Þær miða að því að efla lestur og lesskilning, hlustun og áhorf, ritun, munnlega tjáningu og miðlun, auk þess
Yfirheiti	**Við lok 10. bekkjar getur nemandi:**	
Tjáning og miðlun.		
Tjáning	tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt,	
Tillitssemi	brugðist við margvíslegum upplýsingum og	

	hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,	sem lögð er áhersla á menningu og samfélag, gagnrýna hugsun, samvinnu og ígrundun. Listinn er ekki tæmandi, heldur ætlaður sem leiðbeinandi yfirlit yfir helstu námsleiðir sem nýtast í mismunandi samhengi. Hann býður upp á blöndu af hefðbundnum og skapandi nálgunum sem hægt er að laga að þörfum og áhugasviðum nemenda, ólíkum viðfangsefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Markmiðið er að tryggja að nemendur fái tækifæri til að þjálfa fjölbreytta hæfni í tungumáli og menningarlæsi, bæði í einstaklingsvinnu og í samvinnu við aðra, og að nám þeirra verði markvisst, virkt og fjölbreytt. 🎨 **Skapandi og fjölbreytt skil** ● **Hönnunarferlið (Design Thinking)** – nemendur skilgreina vandamál, kanna mögulegar lausnir, prófa og betrumbæta. ● **Stafræn miðlun** – gerð vefsíðu, podcast, myndbands, stuttrar heimildarmyndar eða hlaðvarps. ● **List- og verkmiðlun** – plakat, líkan, myndsköpun, leikrit, dans eða tónlist tengt námsefninu.
Samskipti	rætt á skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn,	
Orðaforði	tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum,	
Miðlun	valið úr fjölbreyttum leiðum til miðlunar.	
Skapandi og gagnrýnin hugsun.		
Spyrjandi hugarfar	spurt gagnrýninna spurninga og nýtt þær í rannsóknum sínum,	
Sköpun	leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt,	
Lært af mistökum	lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara,	
Rökræða	rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum	
Ályktun	tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær,	
Gagnrýnin hugsun	beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýninni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum.	
Sjálfstæði og samvinna		
Sjálfstæði	sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,	
Samvinna	unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu	

	samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi,	
Samstarf	geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð,	
Ábyrgð	tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti,	
Leiðsögn	nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt	
Nýting miðla og upplýsinga		
Áreiðanleiki	Greint á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra miðla, áróðurs og upplýsinga.	
Upplýsingaöflun og miðlanotkun	nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum.	
Vandvirkni og nákvæmni	Valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.	
	Skilið að framsetning og gæði upplýsinga eru háð mörgum þáttum og þekkt mikilvægi þess að vanda val og notkun á heimildum.	
Ábyrgð og mat á eigin námi		
Sjálfsþekking	Sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar.	
Markmiðasetning	Sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim	

- **Skapandi ritun og frásögn** – nemendur semja sögur, ljóð, fréttagreinar eða dagbækur úr sjónarhóli persóna/tímabila.

🤝 **Samvinna og tjáning**

- **Hópverkefni með hlutverkaskiptingu** – t.d. rannsóknarteymi, hönnuðarteymi, kynningarteymi.
- **Samskiptaverkefni milli bekkinga/skóla/landa** – bréfaskipti, sameiginlegt vefverkefni eða sýndarfundir.
- **Umræður og málfundir** – rökræður, pallborðsumræður, hlutverkaleikir (debate club style).
- **Peer-teaching** – nemendur kenna öðrum ákveðið efni eða færni.

🔎 **Upplýsingaöflun og gagnrýnin hugsun**

- **Rannsóknarverkefni (Inquiry-based learning)** – nemendur setja fram rannsóknarspurningu, afla gagna og miðla niðurstöðum.
- **Heimildagreining** – bera saman ólíkar

	og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
Ígrundun	Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi.
Árangur og sjálfsþekking	Skilið og rökstutt viðmið um árangur og unnið að þeim.
Náms- og starfsfræðsla	Nýtt upplýsingar um námsleiðir og fjölbreytt störf við skipulagningu eigin náms- og starfsferils.
Náttúrufræði	
Yfirheiti	**Við lok 3. stigs getur nemandi**
Vinnulag náttúruvísinda	
Hugtök	beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður,
Læsi á gögn og náttúruvísindatexta	lesið þyngri náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi
Athuganir	framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum,
Miðlun	kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt,
Vísindaleg vinnubrögð	sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna

heimildir (t.d. fréttir, samfélagsmiðla, sögulegar heimildir).

- **Extended Odd One Out** (James Nottingham) – til að þjálfa gagnrýna hugsun.
- **Verkefni með raunverulegum gögnum** – greining á tölfræði, kortum eða samfélagslegum fyrirbærum.

🌍 **Samfélag, saga og umhverfi**

- **Verkefni með samfélagstengingu** – nemendur rannsaka málefni í nærumhverfi sínu (t.d. sjálfbærni í skólanum, sögu heimabyggðar).
- **Samfélagsþjónusta eða aðgerðarverkefni** – hanna aðgerðir til að bæta samfélag sitt (t.d. umhverfisátak, vitundarherferð).
- **Hlutverkaleikir úr sögu eða samfélagsfræðum** – t.d. „ráðstefna þjóða“ um loftslagsbreytingar eða Alþingi á sögulegum tímum.

💻 **Stafrænar leiðir**

- **Forritun og lausnaleit** – smíða einfaldan hugbúnað, leik eða app.

Eðli vísindalegrar þekkingar	skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun
Tengsl vísinda, tækni og menningar	tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins
Umhverfið	
Hringrásir efna og orku	lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni,
Vistkerfi	útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýninn hátt um þróun ólíkra vistkerfa,
Líffræðileg fjölbreytni	útskýrt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin
Náttúruvernd	fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúruvernd,
Veðurfar	útskýrt loftslag, vinda og hafstrauma jarðar,
Loftslagsbreytignar	útskýrt loftslagsbreytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisaðgerðir,
Náttúruauðlindir og sjálfbær nýting	gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu og rýnt í eigin neysluvenjur
Einstaklingurinn og umhverfið	rætt á gagnrýninn hátt tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu,
Geta til aðgerða	skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi og í

- **Gagnavinnsla og greining** – nota Excel/Sheets eða Python til að vinna með gögn.
- **Sköpun í stafrænum miðlum** – hönnun í Canva, ljósmyndaverkefni, klippimyndir eða AR/VR.
- **Netmiðlun og samfélagsmiðlar** – hanna fræðsluherferð á netinu eða samfélagsmiðlafærslu um málefni.

🧠 **Sjálfstæði, markmið og ígrundun**

- **Lærum af mistökum** – nemendur halda ferilmöppu (portfolio) þar sem þeir skrá þróun verkefna.
- **Sjálfsmat og jafningjamat** – regluleg ígrundun með matsblöðum eða dagbókarfærslum.
- **Námsleiðarkort** – nemendur velja sér leið (t.d. rannsókn, skapandi verkefni eða stafræna lausn) og bera ábyrgð á henni.
- **Markmiðasetning og vaxtarhugsun** – nemendur skilgreina markmið í hverju verkefni, meta og endurskoða.

	alþjóðlegu samhengi
Lífið	
Upplifun af náttúrunni	gert grein fyrir tengslum sínum við aðrar lífverur og eigin athugunum á hegðun þeirra
Flokkun og lífsskilyrði lífvera	útskýrt einkenni og lífsskilyrði lífvera og flokkun þeirra eftir skyldleika,
Örverur	þekkt gagn og skaðsemi örvera
Frumur	Útskýrt gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi
Þróun	fjallað um þróun lífvera og tekið dæmi um hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu
Erfðir	útskýrt hvernig einkenni erfast á milli kynslóða
Bygging og starfsemi plantna	gert grein fyrir fjölbreytileika plantna, starfsemi mismunandi plöntuhópa og mikilvægi þeirra fyrir kolefnisbindingu
Bygging og starfsemi sveppa	gert grein fyrir fjölbreytileika sveppa, starfsemi mismunandi tegunda og hvernig þeir taka þátt í samskiptum milli plantna
Bygging og starfsemi dýra	gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum
Líffæri og líffærakerfi	lýst hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans
Kynheilbrigði	rætt kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna
Heilsa	útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin

📖 **Lestur og lesskilningur**

- Lestur fjölbreyttra texta (fræðigreinar, bókmenntir, skáldskapur, rauntextar, kort, greinar).
- Lesskilningsæfingar (aðalatriði vs. aukaatriði, spurningar, túlkun, ályktanir).
- Samanburður á ólíkum textum eða miðlum (fréttir, samfélagsmiðlar, sögulegar heimildir).
- Lesið fjölbreytt efni eftir áhugasviði með mismunandi lestraraðferðum (leitar-, yfirlits-, nákvæmnis- eða hraðlestri).
- Lesið texta og sýnt skilning með endursögn, svörum við spurningum eða í verkefnavinnu.
- Greint fjölbreytta texta og miðla (t.d. auglýsingar, fréttir, samfélagsmiðla).
- Lesið eða hlustað á hljóðdæmi með mismunandi mállýskum og greint einkenni þeirra.

✍️ **Ritun og tjáning**

- Ritun samfelldra texta (ritgerðir, greinar, dagbækur, endursagnir).
- Skapandi ritun (sögur, ljóð, leikrit,

	velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum
Efnin	
Uppbygging efna	þekkt uppbyggingu frumeinda og sameinda og myndun jóna
Varðveisla massa	útskýrt varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeindakenninguna
Lotukerfið	útskýrt uppbyggingu lotukerfisins og tengt við eiginleika efna
Efnajöfnur	þekkt heiti algengra frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum,
Efnbreytingar og eiginleikar efna	lýst efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku, m.a. með efnajöfnum
Leysni	unnið með leysni mismunandi efna í vökvum og lofttegundum
Sýrustig	útskýrt og unnið með pH kvarðann
Orkan	
Orkan	gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislu orkunnar
Nýting orku	lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku og lýst áhrifum á umhverfi og náttúru
Varmi	útskýrt mismunandi varmaflutning og samspil varma og hitastigs
Rafmagn og segulmagn	útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns

textagerð).

- Rökræður í rituðu formi (skoðanagreinar, bréf, blogg).
- Ferilmappa (portfolio) með vinnuferli og sjálfsmati.

🗣️ **Munnleg tjáning og samskipti**

- Framsögn og kynningar (einstaklings- og hópverkefni).
- Umræður, málfundir og rökræður.
- Sviðssetning eða hlutverkaleikir (leikþættir, söguleg enduruppsetning).
- Hópavinna með skýrri hlutverkaskiptingu.

🔎 **Rannsókn og upplýsingaöflun**

- Heimildavinna (bækur, gagnabankar, vefir, viðtöl).
- Gagnrýnin heimildagreining (áreiðanleiki, hlutdrægni, áróður).
- Rannsóknarverkefni byggð á spurningum nemenda (inquiry-based learning).

Rafmagn og rafrásir	útskýrt einfaldar rafrásir
Bylgjur	útskýrt bylgjur rafsegulrófsins og hljóðs og lýst eiginleikum þeirra
Gagn og skaðsemi bylgna	gert grein fyrir gagnsemi og hættum við bylgjur,
Kraftar og hreyfing	útskýrt helstu kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna
Massi	mælt og reiknað eðlismassa efna og útskýrt muninn á massa og þyngd
Alheimurinn	
Jörðin	gert grein fyrir stöðu og hreyfingu jarðar og áhrifum hennar á líf á jörðu
Mótun lands	útskýrt hvernig land hefur myndast og mótast á jarðsögulegum tíma
Hamfarir	útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð
Tunglið	gert grein fyrir áhrifum tunglsins á jörðina
Sólkerfið	þekkt eiginleika sólkerfisins og gert grein fyrir myndun, stöðu og hreyfingu sólkerfa,
Alheimurinn	gert grein fyrir myndun og þróun stjarna
Íslensku	
Talað mál, hlustun og áhorf	
Framsögn	flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi,

- Gagnagreining (tölfræði, kort, gröf, myndefni).

🎨 **Sköpun og fjölbreytt skil**

- Myndræn framsetning (plakat, teikning, skýringarmynd, líkan).
- Stafræn verkefni (myndband, podcast, vefsíða, hlaðvarp, myndvinnsla).
- Listræn nálgun (tónlist, dans, leiklist tengd námsefninu).
- Hönnunarferlið (hugmyndavinna – prófun – endurskoðun).

🤝 **Samvinna og félagsnám**

- Hópverkefni með samráðsfundum og jafningjamat.
- Verkefni tengd samfélaginu (viðtöl, rannsóknir á nærumhverfi, þjónustuverkefni).
- Samstarf yfir bekki eða milli skóla (t.d. rafræn samskipti við skóla í öðru landi).

Tjáning	miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum
Hlustun og áhorf	horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt,
Nýting miðla	nýtt sér fjölbreytta hljóð og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
Lestur og lesskilningur.	
Lesfimi	lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni,
Lestraraðferðir	valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni,
Orðaforði	beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn,
Lesskilningur	skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika,
Lestrarmenning	valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.
Bókmenntir.	
Lestur og túlkun bókmennta	lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir,
Bókmenntagreining	beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum,
Bókmenntaarfurinn	lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð,
Ljóð	notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.

🧠 **Sjálfstæði og ígrundun**

- Dagbók eða námsblogg um ferlið.
- Sjálfsmat og markmiðasetning.
- Ígrundun á mistökum og lærdómi.
- Persónuleg verkefnaval (nemendur velja nálgun/skil á sama viðfangsefni).

👂 **Hlustun og áhorf**

Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og fylgt röð munnlegra fyrirmæla.

Horft á, hlustað og endursagt efni munnlega eða skriflega, eða svarað spurningum úr fjölmiðlum.

Hlustað á fyrirmæli í para- eða hópvinnu og brugðist við á viðeigandi hátt (t.d. spurt og svarað, stafsetningarupplestur).

Hlustað á munnlegar frásagnir um menningu og samfélag og sýnt skilning.

🗣️ **Munnleg tjáning og samskipti**

Haldið uppi samræðum og skipt á skoðunum við aðra í samtalsæfingum og hlutverkaleikjum.

Ritun.	
Skrift og frágangur	haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum,
Uppbygging texta	skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr,
Textategundir og málnotkun	beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið,
Tjáning í texta	samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum,
Stafsetning og greinarmerkja setning	beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.
Mál og málnotkun.	
Einkenni málsins	beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun,
Fjölbreytt málnotkun	áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti,
Sköpunarkraftur	áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,
Orðflokkar	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum
Orðtök og málshættir	beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu,
Gögn og hjálpartæki	nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.
Samfélagsgreinar	
Yfirheiti	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

Tekið þátt í umræðum með kurteisisvenjum og beitt umorðun þegar þarf.

Sagt frá eigin upplifun (t.d. ferðalögum, áhugamálum, daglegu lífi).

Flutt undirbúinn texta af öryggi fyrir framan aðra (t.d. stuttmynd, kynning, myndband).

Tjáð sig í bekkjarumræðum með nákvæmni og röksemdarfærslu, og svarað óundirbúnum spurningum.

✍️ **Ritun**

Skrifað samfellda texta sem sýna góða færni í tungumálinu.

Skrifað fjölbreytta texta: bréf (tölvupóst, kvörtunarbréf, umsókn), greinar, sögur.

Skrifað frá eigin brjósti um málefni sem skipta máli.

Skrifað texta með skapandi framsetningu (hugarkort, myndasaga, tímaás, ljósmynd, hlut, eigin upplifun).

🌍 **Menning og samfélag**

Sýnt þekkingu á enskumælandi samfélögum með veggspjaldi, bæklingi eða munnlegri kynningu.

Vinnulag samfélagsgreina	
Hugtök	Útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.
Upplýsingalæsi	Aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.
Skoðanamyndun	Vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.
Gagnrýnar umræður	Spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum.
Setja sig í spor annarra	Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
Miðlun	Miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.
Lýðræðislegt samstarf	Tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
Sjálfsmynd	
Félagsmótun	Útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.
Þarfir	Gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
Tilfinningar	Þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
Hugarfar	Rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.

Gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna enskumælandi fólks í verkefnavinnu eða kynningu.

Tengingar við menningarlegt efni (tónlist, kvikmyndir, fréttir, hefðir).

🔎 **Gagnrýnin hugsun og málnotkun**

Giskað á merkingu óþekktra orða út frá samhengi.

Greint og borið saman mismunandi texta og sjónarhorn.

Spurt gagnrýninna spurninga um heimildir og efni.

🤝 **Samvinna, sjálfsmat og ígrundun**

Metið frammistöðu sína og annarra á uppbyggilegan hátt (sjálfsmat og jafningjamat).

Sýnt umburðarlyndi og virðingu fyrir getu samnemenda með virkum stuðningi.

Ígrundun og endurskoðun á eigin vinnu og námi.

Sjálfsþekking	Gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.	
Virðing	Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.	
Staðalmyndir	Fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.	
Kynjafræði	Beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.	
Fjármál einstaklings	Gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.	
Siðferði og trú		
Virðing fyrir fjölbreytileika	Borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.	
Trú og lífsviðhorf	Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.	
Trúarbrögð	Túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.	
Áhrif trúarbragða	Útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.	
Borgaravitund		
Reglur	Útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.	

Mannréttindi	Þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, haft Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og getað rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.	
Samfélagsgerð	Greint hvernig hugmyndafræði, þar með talin trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga.	
Lýðræði	Útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi.	
Stjórnkerfi	Útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.	
Velferðarsamfélag	Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag.	
Samneysla	Skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi.	
Slysavarnir	Bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni.	
Umferðarreglur	Áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.	
	- Geti útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.	
Geta til aðgerða	Ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.	
Saga		
Sögulegar heimildir	Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.	
Fjölskyldan	Útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.	

Heimabyggð	Sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðaþróunar.	
Íslandssaga	Útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar.	
Saga	Sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburði, tímabil, tildrög og gang mannkynssögunnar.	
Söguleg þróun	Útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þar með talið trúarbrögðum, viljaverkum og tilviljunum.	
Áhrif sögu á samtímann	Sýnt fram á skilning á sögulegu samhengi og áhrifum fortíðar á samtímann og dregið lærdóm af henni.	
Jörðin okkar		
Kortalæsi	greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum,	
Samfélög	greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks,	
Auðlindir	varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi,	
Neyslusamfélagið	varpað ljósi á neyslusamfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis,	
Áhrif mannsins	útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni,	
Sjálfbær þróun	sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni,	

Ábyrgð á náttúruvernd	varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðasamfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.	
Upplýsinga og miðlalæsi		
Yfirheiti	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:	
Upplýsinga- og miðlalæsi		
Nýting skólasafns	nýtt skólasafn á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar til gagns og ánægju	
Upplýsingaleit	nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar	
Greining og úrvinnsla gagna	greint, borið saman og metið á gagnrýninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis	
Heimildanotkun	unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum	
Sköpun og miðlun		
Kynningarefni	valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga	
Ritvinnsla	valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang	
Vinnsla tölulegra gagna	valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum	

Ljósmyndir og kvikmyndun	valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð	
Myndvinnsla og myndsköpun	valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun	
Hljóðvinnsla	valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu	
Netmiðlun	valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun	
Stafræn borgaravitund		
Jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan	nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt	
Friðhelgi og öryggi	gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónuupplýsinga	
Stafrænt fótspor og auðkenni	gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun	
Virðing í stafrænu umhverfi	þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt	
Samskiptareglur, orðræða og virðing í stafrænum samskiptum	gert grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum	
Lausnaleit		

Stafrænn stuðningur	valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám	
Varðveisla gagna	flokkað, vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt	
Tölvur og snjalltæki	nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni	
Notkun hugbúnaðar og einföld forritun	nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnaleit	